

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 361/1992. **Björn Ingvarsson**

gegn

**Þóru Björk Kristinsdóttur,
Dagrúnu Kristjánsdóttur,
Laufeyju Kristjánsdóttur,
Theodóri Kristjánssyni,
Baldri H. Kristjánssyni,
Svövu Kristjánsdóttur,
Bjartmari Kristjánssyni,
Valgarði Kristjánssyni,
Hrund Kristjánsdóttur,
Friðriki Kristjánssyni,
Silviu Florens Simpson,
Roy Herluf Holm,
Robert L. K. Holm og
Osvald Kristjáni Holm.**

Kærumál. Erfðaskrá. Búskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili kærði 19. ágúst sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 30. júní sl. Um kæruheimild vísar hann til 2. mgr. 153. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Hann kveðst hafa fengið vitneskju um úrskurðinn 6. ágúst. Sóknaraðili krefst þess, að helmingur allra eigna Jónínu Björnsdóttur og Benjamíns Kristjánssonar falli til sín, þó ekki handrit, bréf og ræður. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi annarra varnaraðila en Þóru Bjarkar Kristinsdóttur.

Bjartmar Kristjánsson gerir ekki kröfur í málinu.

Varnaraðilinn Þóra Björk Kristinsdóttir krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að í sinn hlut komi þriðjungur eigna Jónínu og Benjamíns að frátöldum handritum, bréfum og ræðum.

Af hálfu annarra varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Mál þetta var munnlega flutt.

Fallast ber á það með skiptaráðanda, að með erfðaskránni frá 14. júlí 1961 hafi þau Benjamín og Jónína nýtt sér ákvæði 34. gr., sbr. 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og arfleitt það, sem lengur lifði, að 1/3 hluta búshluta síns.

Þá ber og að fallast á það með skiptaráðanda, að skýra skuli erfðaskrána þannig, að Þóra Björk taki helming arfs eftir Benjamín heitinn.

Eftir lát Jónínu 9. desember 1977 fóru ekki fram skipti. Ekki óskaði Benjamín þó leyfis til setu í óskiptu búi, en sýnist hafa haft umráð eignanna með sama hætti og verið hefði, ef hann hefði fengið slíkt leyfi, allt þar til hann andaðist 3. apríl 1987. Í lögum er ekki að finna ákvæði um, hvernig með skuli fara, ef búskipti fara ekki fram og langur tími liður. Í H. 1980, 833, stóð svo á, að kona lést 1949, en ekillinn sat í búinu eftir það án búsetuleyfis. Talið var í dómnum, að fara yrði með búið, eftir að opinberra skipta hafði verið krafist, eins og ekillinn hafði setið í óskiptu búi eftir lát konunnar. Skyldi skrifa upp eignir og skuldir, eins og búið var þá, og miða skiptin við þá gerð. Í málinu, sem nú er til úrlausnar, liðu tæp 10 ár, án þess að skipt væri eða búsetuleyfis óskað. Í erfðaskránni frá 1961 er mælt fyrir um arf til þess hjónanna, sem lengur lifði, og til fósturdóttur þeirra, varnaraðilans Þóru Bjarkar, en ekki er vikið að öðrum. Þegar alls þessa er gætt, þykir eiga að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga við skiptin.

Ágreiningslaust er með aðilum, að miða beri skiptin við eignir þær, sem fram komu við lát Benjamíns.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar kemur helmingur eignanna og að auki sem bréfarfur þriðjungur hins helmingsins í hlut erfingja Benjamíns.

Ber því að skipta þannig, að sóknaraðilinn Björn Ingvarsson hljóti 1/3 hluta eignanna. Til erfingja Benjamíns heitins renni 2/3 hlutar. Af þeim hluta renni helmingur til Þóru Bjarkar, þ. e. þriðjungur eignanna, en þriðjungur falli til annarra erfingja Benjamíns eftir reglu 3. mgr. 3. gr. erfðalaga, en ekki er ágreiningur milli þeirra innbyrðis.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Eignum Jónínu Björnsdóttur og Benjamíns Kristjánssonar skal, að frátöldum handritum, bréfum og ræðum, skipt þannig:

Sóknaraðili, Björn Ingvarsson, hljóti 1/3 hluta eignanna.

Varnaraðilinn Þóra Björk Kristinsdóttir hljóti 1/3 hluta eignanna.

Lögerfingjar Benjamíns Kristjánssonar hljóti 1/3 hluta eignanna.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og
Péturs Kr. Hafstein.**

Samkvæmt skýru orðalagi 19. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er leyfi til setu í óskiptu búi forsenda þess, að 2. mgr. verði beitt við búskipti eftir lát langlífari maka. Atvik málsins geta að okkar dómi ekki réttlætt það, að þessu ákvæði verði nú beitt með þeim hætti, sem meiri hluti dómenda telur rétt.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann og láta kærumálskostnað falla niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. júní 1992.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 25. júní 1992.

Tildrög málsins og málavextir eru eftirfarandi:

Hjónin séra Benjamín Kristjánsson og frú Jónína Björnsdóttir gengu í hjónaband á árinu 1928. Þá átti Jónína fyrir ellefu ára son, Björn Ingvarsson, einn aðila máls þessa. Ólst hann að mestu leyti upp á heimili þeirra hjóna upp frá því. Benjamín og Jónína eignuðust ekki börn saman, en áttu

eina fósturdóttur, sem þau ólu upp frá ungaaldri til fullorðinsára, Þóru Björk Kristinsdóttur, sóknaraðila máls þessa.

Varnaraðilarnir Dagrún, Laufey, Theodór, Svava, Baldur, Valgarður, Hrund og Friðrik eru systkini Benjamíns, en Silvia, Osvald, Roy og Robert eru börn látinnar systur hans. Börn Bjartmars, bróður Benjamíns, sem er látinn, eru ekki aðilar að málinu.

Hinn 14. júlí 1961 gerðu þau Jónína og Benjamín erfðaskrá, og þykir rétt að taka hana hér orðrétt upp:

„Við undirrituð hjón, ég, Benjamín Kristjánsson prestur, nú til heimilis að Syðra-Laugalandi, sem á engan lífserfingja, og ég, Jónína Björnsdóttir, sama stað, sem á einn son, Björn Ingvarsson lögreglustjóra, nú til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, gerum hér með svohljóðandi

ARFLEIÐSLUSKRÁ:

1. Hvort okkar, sem lengur lifir, skal taka arf eftir það, sem andast fyrr, eins og framast er heimilað í lögum, með þeim undantekningum, sem á eftir getur.

2. Ég, Benjamín Kristjánsson, arfleiði Landsbókasafnið í Reykjavík að öllum handritum mínum, sem nýtileg kunna að þykja, þar með bréfasöfnunum og ræðum. Einnig áskil ég mér rétt til að ráðstafa bókasafni mínu á sérstakan hátt, ef mér sýnist svo. En hafi ég ekki gert það, áður en ég andast, skal helmingur eigna minna renna til Þóru Bjarkar Kristinsdóttur, nú til heimilis að Kirkjubraut 2, Akranesi, fósturdóttur okkar.

3. Þessi erfðaskrá bindur þó á engan hátt hendur okkar að gefa gjafir úr búi okkar, meðan við erum bæði lífs.

Akureyri, 14. júlí 1961.

Jónína Björnsdóttir (sign.),

Benjamín Kristjánsson (sign.).“

Erfðaskráin er notarialvottuð, og þykir ekki ástæða til að taka vottorðið hér upp, þar sem ágreiningslaust er í málinu, að formlega hafi verið rétt að erfðaskránni staðið.

Fyrr á árinu 1961, þ. e. 23. maí það ár, hafði Benjamín einn gert erfðaskrá, þar sem voru ákvæði um ráðstöfun eigna hans eftir hans dag í því tilfelli, að hann andaðist á undan konu sinni. Erfðaskrá þessi er óvottuð, og hefur því ekki verið haldið fram, að leggja eigi hana til grundvallar skiptum eftir hann. Rétt er þó, að fram komi, að í erfðaskrá þessari var sonum sóknaraðila, Þorgeiri og Benjamín Jósefssonum, ætlað að erfa bókasafn Benjamíns og að Jónína, kona hans, átti að erfa hann að öðru leyti að frátöldum handritum, bréfasöfnum og ræðum, sem ráðstafað var til Landsbókasafns.

Jónína Björnsdóttir lést 9. desember 1977. Ekki var neitt aðhafst um skipti á dánarbúi hennar, en Benjamín sat að eignum dánar- og félagsbús þeirra óskiptum. Benjamín lést síðan 3. apríl 1987, og var á árinu 1988 óskað eftir opinberum skiptum á dánar- og félagsbúi hjónanna. Síðasta sameiginlegt heimili þeirra var að Glaðheimum 18, Reykjavík, og þar bjó Benjamín eftir lát Jónínu allt til dauðadags.

Lögð hafa verið fram í málinu endurrit allra þinghalds í hinni opinberu skiptameðferð dánarbúsins. Fram kemur, að skrifaður hefur verið upp kaupsamningur, þar sem seld var íbúð dánarbúsins að Glaðheimum 18, og að enn fremur voru skrifaðar upp bækur, sem voru geymdar annars vegar að Hátúni 8, Reykjavík, og hins vegar á Akranesi.

Handrit, bréfasöfn og ræður hafa verið afhent Landsbókasafni í samræmi við 2. gr. erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961, og var ekki ágreiningur um það atriði.

Fljótlega eftir að búið var tekið til opinberra skipta, varð ljóst, að ágreiningur var um túlkun erfðaskrárinnar og framkvæmd skiptanna. Það var þó ekki fyrr en í þinghaldi 9. mars 1992, að ákvörðun lá fyrir af hálfu sóknaraðila að sækja rétt sinn samkvæmt erfðaskránni í sérstöku skiptaréttarmáli. Í endurriti þess þinghalds kemur fram, að af hálfu sóknaraðila yrði erfðaskráin vefngd, en þar var um misskilning að ræða, eins og ljóst má vera. Af hálfu varnaraðilans Björns Ingvarssonar var ekki ákveðið að taka til varna í málinu, fyrr en fyrir lá greinargerð varnaraðilanna Dagrúnar Kristjánsdóttur o. fl., og var honum því skipað meðal varnaraðila í máli þessu. Aðilar voru á einu máli um að láta skera úr þeim ágreiningi, sem hér er til umfjöllunar, í einu skiptaréttarmáli.

Kröfur aðila eru þessar:

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að helmingur eigna Benjamíns Kristjáns-sonar skuli falla til sín. Hún krefst málskostnaðar samkvæmt texta LMFÍ úr hendi varnaraðilanna Dagrúnar Kristjánsdóttur o. fl., en gerir ekki kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilans Björns Ingvarssonar.

Varnaraðilarnir Dagrún Kristjánsdóttir o. fl., þ. e. lögerfingjar Benja-míns, gera eftirfarandi kröfur: Aðalkrafa þeirra er, að viðurkennt verði, að Benjamín Kristjánsson hafi ráðstafað bókasafni sínu í lifanda lífi og að 7/9 hlutar eigna í dánarbúi hans og Jónínu Björnsdóttur skuli falla til þeirra.

Fyrsta varakrafa er, að staðfest verði, að 7/18 hlutar eigna í búinu falli til þeirra, og verði þá bókasafn Benjamíns talið meðal eigna búsins.

Önnur varakrafa er, að viðurkennt verði, að Benjamín hafi ráðstafað bókasafninu í lifanda lífi og að helmingur eigna búsins falli til þeirra.

Þriðja varakrafa er, að staðfest verði, að 1/4 hluti eigna í búinu falli til þeirra, og verði þá bókasafn Benjamíns talið meðal eigna búsins.

Krafist er málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðilinn Björn Ingvarsson gerir þær kröfur, að helmingur eigna dánarbús Jónínu og Benjamíns falli til sín. Hann krefst einnig málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi varnaraðilanna Dagrúnar Kristjánsdóttur o. fl.

Allir aðilar viðurkenna, að handrit, bréfasöfn og ræður falli til Landsbókasafns Íslands.

Sáttaumleitanir dómarans voru án árangurs.

Við flutning málsins kom Björn Ingvarsson fyrir réttinn og gaf aðilaskýrslu, og af hans hálfu var einnig lögð fram skrifleg aðilaskýrsla hans. Enn fremur liggur frammi skrifleg aðilaskýrsla Þóru Bjarkar Kristinsdóttur.

Málsástæður og lagarök aðila:

Tilkall sitt til arfs reisir sóknaraðili á 2. gr. erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961.

Af hálfu hennar er byggt á því, að við andlát Jónínu Björnsdóttur hafi borið að taka bú hennar til skipta, og breyti andlát Benjamíns út af fyrir sig engu þar um. Því eigi að skipta dánarbúi Jónínu eftir ákvæðum erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961. Þannig erfi dánarbú Benjamíns, með vísan til 35. gr. erfðalaga 8/1962, 1/3 af búshluta Jónínu samkvæmt ákvæði 1. gr. erfðaskrárinnar, en afgangi búshluta Jónínu eigi að skipta þannig, að 1/3 renni til dánarbús Benjamíns, en 2/3 til varnaraðilans Björns Ingvarssonar. Þannig eigi 5/9 hlutar af búshluta Jónínu að falla til dánarbús Benjamíns, en 4/9 hlutar af búshluta Jónínu að falla til varnaraðilans Björns Ingvarssonar. Sóknaraðili telur, að miða eigi við, að búshluti Jónínu sé helmingur af heildareignum búins. Því eigi 2/9 hlutar heildareignarinnar að falla til Björns Ingvarssonar, en 7/9 hlutar til dánarbús Benjamíns. Krafa sóknaraðila er sú að fá helming eigna þess dánarbús, þ. e. 7/18 hluta heildareignanna.

Ef ekki verður fallist á þessi rök sóknaraðila, byggir hún til vara á því, að Benjamín hafi í raun setið í óskiptu búi eftir andlát Jónínu með þeim réttaráhrifum, að lögerfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara falli niður með vísan til 2. mgr. 19. gr. erfðalaga. Sóknaraðili byggir á, að erfðaréttur samkvæmt erfðaskrá falli hins vegar ekki niður samkvæmt 2. mgr. 19. gr., og því sé hlutur dánarbús Benjamíns helmingur af heildareignum búins auk 1/3 hlutar af hinum helmingnum samkvæmt 1. gr. erfðaskrárinnar. Krafa sóknaraðila um helming eigna Benjamíns verði því í þessu tilviki krafa um, að í hennar hlut komi 1/3 hluti heildareignarinnar.

Samkvæmt 2. gr. erfðaskrárinnar tekur sóknaraðili aðeins arf, hafi Benjamín ekki ráðstafað bókasafni sínu fyrir andlát sitt. Sóknaraðili byggir á, að það hafi hann ekki gert. Hún bendir í fyrsta lagi á, að erfðaskrá

sú, sem Benjamín gerði 23. maí 1961, þar sem bókasafnið var ætlað sonum sóknaraðila, teljist afturkölluð með erfðaskrá þeirri, sem gerð var 14. júlí 1961. Það sé líka ljóst, að enginn dánargjafagerningur liggi fyrir um bókasafn þetta. Um það, hvort um lífsgjöf til sömu aðila hafi verið að ræða, telur sóknaraðili, að svo hafi ekki verið. Ekkert skuldbindandi gjafaloforð þess efnis hafi verið gefið, og þar að auki hafi bókasafn Benjamíns verið á heimili hans að Glaðheimum 18, þegar hann andaðist. Þar sem hér sé um lausafé að ræða, skipti afhending miklu máli, og þar sem afhending fór ekki fram fyrir andlátinu, hvíli sönnunarbyrðin fyrir því, að hann hafi ráðstafað safninu með lífsgjöf, á þeim, sem því halda fram, þ. e. varnaraðilunum Dagrúnu Kristjánsdóttur o. fl. Sóknaraðili segir í skriflegri aðilaskýrslu sinni, að við andlát Benjamíns hafi bókasafnið verið á heimili hans að Glaðheimum 18 utan hluti þess, sem hafi verið í geymslu að Hátúni 8, Reykjavík. Hún kveðst hafa tekið það, sem var að Glaðheimum, í sínar vörslur eftir andlát Benjamíns í samkomulagi við Björn Ingvarsson, enda hafi þau talið, að sú ráðstöfun væri í samræmi við vilja Benjamíns. Sóknaraðili segir, að ummæli sín og eiginmanns síns á skiptafundi 6. febrúar 1990 í dánarbúi Jónínu og Benjamíns beri að skilja svo, að eftir andlát Benjamíns hafi orðið samkomulag með erfingjunum þess efnis að ráðstafa bókasafninu til sona hennar.

Varnaraðilarnir Dagrún Kristjánsdóttir o. fl., þ. e. lögerfingjar Benjamíns, reisa tilkall sitt til arfs eftir hann á 3. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Aðalkrafa þeirra er reist á því, að þar sem skipti hafi ekki farið fram eftir Jónínu og Benjamín hafi ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búi, eigi erfingjar, sem leiða rétt sinn frá Benjamín, að erfa 7/9 hluta af heildareign dánarbús beggja hjónanna. Þetta hlutfall er reiknað út á sama hátt og útlistað er hér að ofan um kröfu sóknaraðila og verður því ekki endurtekið.

Af hálfu lögerfingja Benjamíns er tekið fram, að ekki séu skilyrði til að beita 6. gr. erfðalaga við skiptin og að bréfarf til Landsbókasafns eigi að draga frá þeim hluta, sem er til skipta handa þeim erfingjum, sem erfa Benjamín.

Af hálfu lögerfingjanna er byggt á því, að þar sem Benjamín hafi ráðstafað bókasafni sínu í lifanda lífi, eigi ekkert af eignum dánarbúsins að renna til sóknaraðila. Þeir vísa til 2. gr. erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961, þar sem segir, að hafi bókasafninu ekki verið ráðstafað, áður en Benjamín andast, skuli sóknaraðili erfa helming eigna hans. Bent er á ummæli, sem bókuð voru eftir sóknaraðila og eiginmanni hennar, sem er löglærður, á skiptafundi í dánarbúinu 6. febrúar 1990, þar sem þau sögðu, að Benjamín hefði ráðstafað bókasafni sínu fyrir andlát sitt til tveggja elstu sona þeirra, en þau gætu þó ekki sannað það með skriflegum hætti. Einnig hafi eigin-

maður sóknaraðila sagt á skiptafundi 5. október 1988, að Benjamín hafi fyrir andlátið ráðstafað hluta bókasafnsins.

Lögerfingjar Benjamíns telja, að vilji hans hafi ótvírætt staðið til að ráðstafa bókasafninu á þennan hátt, og komi það m. a. fram í erfðaskrá þeirri, sem gerð var 23. maí 1961. Í skriflegri aðilaskýrslu Björns Ingvarssonar komi einnig fram, að hann telji líklegt, að bókasafninu hafi verið ráðstafað á þennan hátt, þótt ekki finnist gögn þar að lútandi. Lögerfingjar Benjamíns telja rétt, að aðilaskýrsla sóknaraðila sé metin með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem hún hafi af því, að litið verði svo á, að Benjamín hafi ekki ráðstafað því fyrir andlát sitt.

Um það, hvort erfðaskráin hafi orðið annars efnis en ætlast var til, telja lögerfingjar Benjamíns slíkt vera ósannað, og þeir, sem slíku haldi fram, þurfi að sanna það. Engin haldbær gögn séu fyrir öðru en orðalag erfðaskrárinnar verði látið ráða. Aðilaskýrsla Björns Ingvarssonar geti ekki verið nægileg sönnun í ljósi þeirra hagsmuna, sem hann hefur að gæta. Þeir telja, að Björn hafi aðeins lögerfðarétt eftir Jónínu, móður sína, og honum sé ekki ætlaður bréfarfur í erfðaskránni.

Lögerfingjar Benjamíns byggja á því, að Benjamín hafi ekki setið í óskiptu búi eftir lát konu sinnar. Hann hafi ekki óskað eftir slíku leyfi, og seta hans að eignum búsins eftir andlát Jónínu hafi ekki sömu réttaráhrif og formlegt búsetuleyfi. Þeir telja, að ekkert liggi fyrir um, að Benjamín hafi talið sig sitja í óskiptu búi, og að tilvist hinnar gagnkvæmu erfðaskrár hjónanna komi í veg fyrir, að hægt sé hér að tala um ígildi búsetuleyfis.

Fyrsta varakrafa lögerfingja Benjamíns byggist á sömu rökum um það hlutfall, sem til skipta eigi að koma milli þeirra erfingja, sem leiða rétt sinn frá Benjamín, en er sett fram, ef litið verði svo á, að bókasafnið sé meðal eigna búsins og sóknaraðili verði þar með talinn erfingi að helmingi eigna Benjamíns. Þá beri sóknaraðila og lögerfingjum Benjamíns að fá hvorir sinn helming þess hlutar heildareignanna, sem falla eigi til erfingja Benjamíns, þannig, að sóknaraðili fengi 7/18 hluta heildareignarinnar, en lögerfingjar 7/18.

Önnur varakrafa þeirra byggist á, að 6. gr. erfðalaga yrði beitt við skiptin og að jafnframt yrði fallist á með þeim, að sóknaraðili hefði ekki erfðarétt samkvæmt erfðaskránni, þar sem bókasafninu hefði verið ráðstafað í lifanda lífi.

Þriðja varakrafan miðast einnig við, að 6. gr. erfðalaga verði beitt við skiptin og að fallist verði á erfðarétt sóknaraðila samkvæmt erfðaskránni, þar sem bókasafninu teldist ekki hafa verið ráðstafað í lifanda lífi.

Varnaraðilinn Björn Ingvarsson reisir kröfu sína á því, að erfðaskráin frá 14. júlí 1961 hafi ekki verið orðuð í samræmi við arfleiðsluvilja hjónanna Benjamíns og Jónínu, en með vísan til 2. mgr. 37. gr. erfðalaga eigi

að framkvæma erfðaskrár með tilliti til arfleifðsluviljans. Hann telur, að vilji hjónanna hafi verið sá, að hann og sóknaraðili erfðu allar eignir þeirra til helminga, enda hafi Benjamín litið á hann sem eigin son sinn, og jafnframt hafi sóknaraðili verið þeim hjónum sem eigin dóttir þeirra. Alveg sé ljóst, að það hafi ekki verið vilji þeirra hjóna, að eftir andlát beggja fengi hann 2/9 hluta eignanna, en 7/9 hlutar rynnu til lögerfingja Benjamíns. Erfðaskráin frá 14. júlí 1961 er að mati varnaraðilans Björns Ingvarssonar um margt ófullkomin og þarfnast því túlkunar og skýringar. Hann telur, að þau hjónin hafi álitid, að helmingur eigna þeirra rynni til sín á grundvelli skylduerfðaréttar og að í 2. gr. sé verið að ráðstafa hinum helmingnum til sóknaraðila eftir lát beggja. Hann telur því, að 1. gr. fjalli um erfðarétt hjónanna innbyrðis, en skýra eigi 2. gr. erfðaskrárinnar þannig, að verið sé að tala um bú þeirra hjóna eftir andlát beggja.

Einnig er á því byggt af hálfu varnaraðilans Björns Ingvarssonar, að þar sem Benjamín hafi í raun setið í óskiptu búi eftir lát Jónínu, eigi að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga með löggjöfnun við skiptin, þannig, að lögerfðaréttur Benjamíns eftir Jónínu verði talinn niður fallinn og hann sem einkaerfingi Jónínu fengi helming eigna búans. Rök hans fyrir því, að Benjamín hafi í raun setið í óskiptu búi, eru þau, að eftir lát Jónínu hafi hann setið að búinu, rétt eins og hann hefði búsetuleyfi. Björn var hinn eini, sem hafði hagsmuni af því, að skipt væri eftir Jónínu, en hann gerði aldrei kröfu um það, enda taldi hann það þeirra vilja, að ekki yrði skipt, fyrr en bæði væru fallin frá. Hann vísar einnig til dómafordæmis máli sínu til stuðnings og nefnir þar Hrd. 1983, 701, og dóm í Rettens gang 1983, bls. 856. Í báðum þeim dómum hafi verið fallist á að fara með bú, þar sem svona stóð á, eins og um óskipt bú væri að ræða. Af hálfu Björns Ingvarssonar er litið svo á, að erfðaskráin frá 14. júlí 1961 geti í mesta lagi orðið til þess, að 1/3 hluti af búshluta Jónínu rynni til dánarbús Benjamíns.

Niðurstaða réttarins.

Í máli þessu er deilt um, hvernig fara skuli um arf eftir hjónin Benjamín Kristjánsson og Jónínu Björnsdóttur. Rétt þykir að fjalla fyrst um þá kröfu varnaraðilans Björns Ingvarssonar, að arfurinn eftir þau hjón skiptist jafnt milli hans og sóknaraðila, þar sem vilji þeirra hafi staðið til þess. Af hálfu sóknaraðila málsins hefur ekki verið byggt á þeirri málsástæðu, þrátt fyrir það að fram komi í skriflegri aðilaskýrslu hennar, að hún liti svo á, að vilji arfleifenda hafi verið þessi.

Við skýringu og fyllingu erfðaskráa er aðalregla að túlka erfðaskrá í samræmi við vilja arfleifanda, og kemur sjónarmið þetta fram í 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Erfðaskráin frá 14. júlí 1961 er um margt ófullkomin og býður upp á

deilur. Í erfðaskránni er ekkert ákvæði, sem fjallar um ráðstöfun eignanna eftir lát beggja, og ekkert í erfðaskránni sjálfri bendir til, að vilji arfleifendanna hafi verið annar en sá, að lögerfðareglur tækju við, þar sem erfðaskránni sleppti.

Í aðilaskýrslu Björns Ingvarssonar kemur fram, að þau Benjamín og Jónína hafi um sumarið 1961 tjáð honum, að þau hygðust arfleiða sóknaraðila að helmingi eigna sinna á móti honum. Hann telur ljóst, að hjónin hafi viljað, að eignirnar skiptust þannig eftir lát beggja, og sóknaraðili segir í sinni aðilaskýrslu, að hún telji þetta rétt hjá Birni. Ekki er til að dreifa öðrum aðila- eða vitnaskýrslum þessu til stuðnings. Það kemur fram í yfirlýsingu á dskj. nr. 23, sem stafar frá lögerfingjum Benjamíns, að enginn þeirra kannast við að hafa heyrt hjónin ræða um, hvernig þau hygðust ráðstafa eignum sínum.

Texti erfðaskrárinnar er í raun skýr og orkar ekki tvímælis. Í 2. gr. er aðeins Benjamín að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag, og ekkert bendir til, að ákvæðið eigi við um eignir beggja. Ekki er heldur neitt, sem bendir til, að sú grein eigi aðeins við eftir andlát beggja. Því þykir það ekki hafa verið sannað á fullnægjandi hátt, að arfleiðsluviljinn hafi verið sá, sem varnaraðilinn Björn Ingvarsson heldur fram. Er því hafnað kröfu hans um, að helmingur heildareigna dánarbús Benjamíns og Jónínu renni til hans á þeim grundvelli.

Verður nú fjallað um, með hverjum hætti arfurinn skiptist milli erfingja Jónínu annars vegar og erfingja Benjamíns hins vegar.

Hér er deilt um, hvort haga beri skiptum á dánarbúi þessu með þeim hætti, að lögmæltur erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara falli niður. Af niðurstöðunni ræðst, hver verður hlutur erfingja hvors hjóna. Þegar Jónína lést 1977, bar annaðhvort að taka bú hennar til skipta eða veita Benjamín búsetuleyfi. Hvorugt gerðist, og það var ekki fyrir en eftir lát Benjamíns árið 1987, sem dánarbú þeirra kom til opinberra skipta. Ekki hefur þótt neitt því til fyrirstöðu að fara með skiptin eins og um eitt dánarbú væri að ræða.

Benjamín sat að eignum hjónanna eftir andlát Jónínu. Ekkert er til vitnis um það, hvort hann hafi talið sig sitja í óskiptu búi eða hvort hann hafi litið svo á, að skiptin væru ófrágengin. Samþykki Björns Ingvarssonar hefði verið forsenda fyrir veitingu búsetuleyfis.

Ekki er í erfðalögum nr. 8/1962 neitt ákvæði, sem heimilar, að seta að eignum án formlegs búsetuleyfis geti jafnast á við setu í óskiptu búi og þannig orðið til þess, að við skipti eftir hið langlífara falli niður lögmæltur erfðaréttur eftir hið skammlífara. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. erfðalaga á aðeins við, þegar veitt hefur verið leyfi til setu í óskiptu búi. Af hálfu Björns Ingvarssonar hefur verið bent á dómafordæmi til stuðnings því, að við

skiptin megi líta svo á, að Benjamín hafi setið í óskiptu búi eftir Jónínu. Í Hrd. 1980, 833, var ekki beint fjallað um, hvort til greina kæmi að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga eftir lát beggja við þær aðstæður, sem þar var lýst.

Niðurstaðan er því sú, að ekki sé samkvæmt íslenskum rétti heimild til að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga nr. 6/1962 um skipti á dánarbúi því, sem hér um ræðir, og er því hafnað kröfu Björns Ingvarssonar um, að helmingur eigna búsins falli til hans á þeim forsendum.

Samkvæmt ofansögðu fellur ekki niður erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara, og verður dánarbúi Benjamíns erfingi í dánarbúi Jónínu. Rétt er að miða við það, að helmingur heildareigna búsins sé arfur eftir Jónínu, enda hefur ekkert komið fram, sem bendir til annars en í hjónabandi þeirra hafi ríkt hjúskapareignarfyrirkomulag. Af þeim hluta fellur 1/3 til dánarbús Benjamíns samkvæmt 1. gr. erfðaskrárinnar, sbr. 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962, auk 1/3 hluta þess, sem eftir stendur. Samtals falla því 5/9 hlutar ($1/3 + 2/3 \times 1/3$) (sic) til dánarbús Benjamíns. Hlutur Björns Ingvarssonar verður því 4/9 hlutar af helmingi heildareignanna eða sem samsvarar 2/9 hlutum af heildareign dánarbús Benjamíns og Jónínu.

Að lokum verður leyst úr því, hverjir taka arf eftir Benjamín, en samkvæmt ofansögðu er þar um að ræða 7/9 hluta af heildareign dánarbús Benjamíns og Jónínu.

Samkvæmt skýru orðalagi 2. gr. erfðaskrárinnar frá 24. júlí 1961 er það skilyrði sett fyrir arftöku sóknaraðila, að Benjamín hafi ekki ráðstafað bókasafni sínu fyrir andlát sitt, og hefur verið leitast við af hennar hálfu að sýna fram á, að slík ráðstöfun hafi ekki verið gerð.

Ekki liggja fyrir í málinu neins konar skriflegir löggæringar um ráðstöfun bókasafnsins. Ekki var gengið formlega frá þeirri erfðaskrá, sem hann gerði 23. maí 1961. Fram kemur í aðilaskýrslu sóknaraðila, að við andlát Benjamíns hafi bókasafn hans verið á heimili hans að Glaðheimum 18, Reykjavík, fyrir utan einhvern hluta þess, sem hafi verið í geymslu að Hátúni 8, Reykjavík, og hefur þessu ekki verið mótmælt. Bókasafnið var skrifað upp sem eign í dánarbúinu við hina opinberu skiptameðferð þess. Ekki eru því efni til annars en telja það meðal eigna búsins, eins og málum er nú háttað, enda hafa þeir synir sóknaraðila, sem jafnan hafa verið tilnefndir sem hinir meintu gjafþegar, ekki gert kröfu um að fá bókasafn þetta afhent úr búinu, a. m. k. ekki enn sem komið er. Ummæli sóknaraðila og eiginmanns hennar á skiptafundi 6. febrúar 1990 eru ekki sönnun fyrir því, að gjafaloforð hafi verið gefið.

Samkvæmt þessu skiptast eignir dánarbús Benjamíns Kristjánssonar, sem eru, eins og áður sagði, 7/9 hlutar af heildareignum búsins, jafnt milli sóknaraðila annars vegar og lögerfingja Benjamíns hins vegar. en að frá-

töldum handritum, bréfasöfnum og ræðum, sem hann ráðstafaði til Landsbókasafns Íslands.

Eðlilegt er, að hver beri sinn kostnað af málarekstri þessum.

Úrskurð þennan kvað upp Eyrún Guðmundsdóttur, fulltrúi yfirborgarfógeta.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Arfur eftir Jónínu Björnsdóttur og Benjamín Kristjánsson skal falla til erfingja þeirra þannig:

Erfingi Jónínu Björnsdóttur, Björn Ingvarsson, skal erfa 2/9 hluta af heildareignum búsin.

Til erfingja Benjamíns Kristjánssonar falla 7/9 hlutar af heildareignum búsin. Skiptist sá arfur jafnt á milli Þóru Bjarkar Kristinsdóttur annars vegar og lögerfingja hans hins vegar að frátöldum handritum, bréfasöfnum og ræðum.

Málskostnaður fellur niður.
